

# Leikskólinn Hvammur



## Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegra veikinda barns í leikskóla:

---

1. Leikskólastjóri eða staðgengill hans aflar sér upplýsinga um veikindin
2. Leikskólastjóri hefur samráð við foreldra um hvað gera skuli innan leikskólans
3. Viðbragðsteymi heldur fund ásamt deildarstjóra barnsins þar sem upplýst er um veikindin. Á fundinum er metið hverjir eigi að fá upplýsingar um málið og um frekari vinnslu þess
4. Leikskólastjóri eða staðgengill hans lætur fræðslustjóra vita um slysið / veikindin
5. Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri sem gefur upplýsingar um málið

## Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda barna í leikskóla:

---

1. Hringt í 112
2. Foreldrum tilkynnt um slys/veikindi
3. Deildarstjóri eða staðgengill hans fer með barni í sjúkrabíl
4. Taka með allar persónulegar upplýsingar um barnið (upplýsingablað inni á deild)

5. Leikskólastjóri eða staðgengill hans aflar upplýsinga um atburðinn og lætur fræðslustjóra eða staðgengil hans vita um slysið/veikindin
6. Leikskólastjóri boðar fund með viðbragðsteymi sem skiptir með sér verkum um áframhaldandi vinnu málsins
7. Ef barnið er úrskurðað látið hefur leikskólastjóri eða staðgengill hans samband við prest og samráð við hann um næstu skref
8. Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri eða staðgengill hans sem gefur upplýsingar um málið

---

## Viðbrögð við slysum í leikskólanum, hver gerir hvað!

**Hægt er að hringja úr öllum sínum leikskólans beint í 112.**

**Sími Eitrunarmiðstöðvarinnar er 543-2222**

Þegar slys ber að höndum skal bregðast við með því að tilkynna um slysið til samstarfsfólks og foreldra. Annað starfsfólk haldi áfram að sinna hinum börnum leikskólans, hópstjóri barnsins sinni slasaða barninu. Ef um stærri slys er að ræða svo sem handleggsbrot, fótbrot eða mikla höfuðáverka þá á að hlúa að barninu á staðnum, annars taka það í fang.

Ef gera þarf að sári eða ef grunur er um beinbrot skal kalla til sjúkrabíl og fara með viðkomandi á slysaveiðstofu.

Deildarstjóri aðstoðar við að sinna barninu og hjálpar til við að meta slysið, sækir aðstoð ef með þarf.

---

## Höfuðáverkar, ætíð skal hringt í foreldra ef barn verður fyrir höfuðáverka

- Ef barn fær stóra kúlu á enni skal setja þvottapoka á allt ennið.

---

## Sár og skurðir

- Bláæðar eru stærri í andliti og blæðir því meira úr andliti en annarstaðar. Mikilvægt er að róa barnið því blóðþrýstingur lækkar og blæðing minnkar. Halda við sárið með blautum þvottapoka þar til hægt er að meta hvort þarf að sauma. Aldrei setja sterk efni á sár.

Tannáverkar, ef barn dettur og fær högg á tennur eða missir barnatönn fara foreldrar alltaf með barnið til tannlæknirs.

---

## Grunur um beinbrot

- Fótbrof, æfíð skal láta barnið standa upp sjálf ef ekki taka þau upp. Hafa ber í huga að þó barn sé fótbrofið getur það gengið því beinin eru svo mjúk.
- Lærbrof, þau geta tillt í fótinn, leitið að bólgubungu. Börn ganga á tánun ef um lærbrof er að ræða.
- Ristarbrof, börnin ganga á hælunum.
- Handleggsbrof, hafa barnið sitjandi á stól til að skoða handlegg ef grunur er um brof
- Viðbeinsbrof, algengasta brof er viðbeinsbrof, það getur komið kúla á viðbeinið ef um brof er að ræða. Hægt er að prófa að taka handlegg út frá líkanmanun, það er mjög erfitt og sárt ef um brof er að ræða.
- Upphandleggsbrof, það getur komið bólg/bunga. Prófa að taka handlegg út frá líkamanun.
- Olnbogabrof eru mjög hættuleg vegna liðbanda slagæðar og tauga. Alls ekki láta barn standa upp eða hreyfa við handlegg þess. Ef um olnbogabrof er að ræða er það mjög sýnilegt, handleggur bólgnar mjög mikið. Alltaf að hringja á sjúkrabíl þegar um olnbogabrof er að ræða.
- Framhandleggsbrof, oft kemur bólgubunga á handlegg. Setja handlegg í L stöðu, prófa að snúa hönd um úlnlið, það getur verið erfitt ef um brof er að ræða. Setja hönd í háan fatla.
- Fingurbrof eða barn klemmir sig, barn getur hreyft fingur þó hann sé brotinn. Halda fingri upp til að minnka þrýsting. Ef um klemmu er að ræða hækka undir handlegg til að blóðtæma ef barnið liggur, annars halda handlegg uppi. Ef farið hefur framan af fingri skal hringja í sjúkrabíl. Stubburinn tekinn með einnota hanska settur í grisju sem vætt er í saltvatni, stungið í einnota hanska lokað fyrir og sett í kalt vatn helst með einum til tveimur ísmolum.

---

## Úr lið

- Úr olnbogalið, ef grunur er á að barn sé úr olnbogalið skal prófa að beygja handlegg, það er sárt ef barnið er úr lið. Börn finna ekki til ef handleggur er beinn.
- Úr axlarlið, fari barn úr axlarlið sést það greinilega, bunga kemur á öxl. Leggja skal barnið á grúfu á borð og láta hendi hanga niður, hringja á sjúkrabíl.

---

## Eitranir

- Ekki gefa barni neitt að drekka fyrr en búíð er að tala við þá á eitrunarmiðstöðinni (hringja í 112).

---

## Bruni

- Kæla með 15°- 20° heitu vatni, alls ekki ísköldu, í lágmark 40 mín. Svo bruninn haldi ekki áfram.

---

## Ef stendur í barni

- Halla barninu fram slá vel fast á milli herðablaðanna ekki slá á bak barnsins sitjandi ef stendur í því. Heimlickaðferðin, þrýsta á þindarsvæðið. Ef barn hefur misst meðvitund skal framkalla sársauka með hnúunum milli brjóstanna. Hringja strax í neyðarlínu (112)

## Endurlífgun

---

- Börn 1 – 8 ára Láta barnið liggja á hörðu, halla höfði afturábak loka fyrir nef og blása í munn. Í byrjun skal blása fimm sinnum og síðan hoða með jarkanum þrjátú sinnum og blása tvisvar sinnum. Endurtakið þrjátíu tveir, 30/2. Eftir tvær mínútur athuga ástand.

Deildarstjóri eða leikskólastjóri hafa samband við foreldra, heilsugæslu/heimilislækni og/eða sjúkrabíl ef með þarf. Þarna er mjög mikilvægt hvernig hlutirnir eru sagðir. Deildarstjóri/leikskólastjóri meta síðan hvort ástæða er til að hafa samband við lögreglu vegna skýrslutöku (ef seinna kemur í ljós varanlegur skaði).

Kalla þarf sérstaklega eftir lögregluskýrslu.

## Slysaskráninga eyðublöð eru á skrifstofu

---

Hópstjóri skráir slys á þar til gerð eyðublöð. Eyðublöð eru í tölvu í undirbúningsherbergi, útfyllt blöð fara í möppu í undirbúningsherbergi. Skrá ber rétta dagsetningu, nákvæma lýsingu á því hvernig slysið bar að og sjáanlegum áverkum og ástandi barnsins. Mikilvægt er að skrá viðbrögð starfsfólks við slysinu.

Slasist starfsmaður skal tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins eigi síðar en sólarhring eftir slysið.

## Tryggingar

---

Allir þegnar landsins eru tryggðir hjá Tryggingastofnun ríkisins. [www.tr.is](http://www.tr.is) Hafnarfjarðarbær greiðir fyrstu heimsókn hvers slyss barna á slysideild. Verði varanlegur skaði af slysi í leikskólanum skal leitað til Sjóvá Almennra. Hvert barn er tryggt gegn varanlegri örorku allt að 2,400,000. Innifalið er slysakostnaður allt að 190,000. Trygging þessi gildir ekki hafi foreldrar sjálfir váttryggingavernd.

Allar upplýsingar er hægt að nálgast á [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

## Viðbrögð vegna starfsmanna og aðstandenda þeirra

---

Skólaskrifstofa hefur gefið út „Fyrstu viðbrögð“ sameiginlega fyrir alla leikskóla Hafnarfjarðar og er þeim bætt hér inn í handbókina skáletruð.

## Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda starfsmanns leikskólans:

---

1. *Leikskólastjóri eða staðgengill hans aflar sér upplýsinga um málið*
2. *Viðbragðsteymi leikskólans er kallað saman og ákveður hvernig farið er með málið innan leikskólans*

3. *Leikskólastjóri eða staðgengill hans lætur fræðslustjóra eða staðgengil hans vita um slysið / veikindin*
4. *Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri sem gefur upplýsingar um málið*

## Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns leikskólans:

---

1. *Leikskólastjóri eða staðgengill hans aflar sér upplýsinga um andlátið*
2. *Leikskólastjóri tilkynnir fræðslustjóra eða staðgengli hans um andlátið*
3. *Viðbragðsteymi leikskólans kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins*
4. *Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri eða staðgengill hans sem gefur upplýsingar um málið*

## Fyrstu viðbrögð vegna andláts maka eða barns starfsmanns leikskólans:

---

1. *Leikskólastjóri eða staðgengill hans aflar sér upplýsinga um andlátið*
2. *Viðbragðsteymi leikskólans er kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins*

## Hvar eru sjúkragögn

---

Sjúkragögn eru í sjúkrakassa á kaffistofu

Plástur er við útidyr allra deilda í garðinn

Brunasmýrsl er í eldhúsi

Verkjatöflur eru á skrifstofu leikskólastjóra